



Fundargerð 305.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 11. mars 2026 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ólafur R. Ólafsson, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur HN fyrir árið 2025.

Hafnarstjóri fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur voru 1.488 millj. Rekstrargjöld 953 millj þar af afskriftir 117 millj., og nettó fjármagnstekjur 78,8 millj. Hagnaður ársins að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda var 613,8 millj. Ársreikningurinn var samþykktur án athugasemda.

2. Innganga hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands.

Stjórn Hafnasamlags Norðurlands ræddi mögulega inngöngu Hafnasjóðs Dalvíkur í Hafnasamlag Norðurlands. Málið var rætt ítarlega en stjórn HN bíður eftir frekari upplýsingum áður en hægt er að taka það til frekari umfjöllunar.

3. Bætt aðstaða fyrir starfsemi Hafnasamlags Norðurlands.

Hafnarstjóri sýndi teikningar af 540 fermetra skemmu sem stefnt er að reisa við hlið aðstöðu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga. Fram kom að bygging skemmunar muni gjörbreyta aðstöðu og starfsemi HN og auka verulega möguleika til fjölbreyttrar smíða og viðhaldsvinnu. Stefnt er að því að bjóða verkið út í sumar og verklok möguleg haustið 2027. Stjórn HN fagnar framkomnum hugmyndum.

4. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri kynnti stöðu mála varðandi þjónustubyggingu hafnarinnar á Torfunefsbyggju. Einnig var farið yfir sölu á byggingarétti lóðanna Torfunef 2 og 3.

5. Rafvæðing skemmtiferðaskipa.

Hafnarstjóri greindi frá viðræðum við fyrirtæki sem hafa lýst yfir áhuga á þátttöku í rafvæðingu skemmtiferðaskipa hjá Hafnasamlaginu. Um er að ræða m.a. aðila sem búa yfir viðtækri reynslu af sambærilegum verkefnum erlendis.

Stjórn HN samþykkir að halda áfram viðræðum til að fá skýrari mynd af möguleikum og ávinningi verkefnisins fyrir höfnina.



6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.30